

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 348 8. október 1976
um happdrætti Háskóla Íslands.

1. gr.

1. og 2. másl. 1. málsgr. 11. gr. orðist svo: Verð hlutamiða er 1 400 kr. í hverjum flokki. Fyrir ársmiða skal greiða 16 800 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 13 13. apríl 1973 um happdrætti Háskóla Íslands, öðlast gildi 1. janúar 1980. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 329 29. ágúst 1978.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. júlí 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á uppdrætti af legu Vestfjarðavegar
um Önundarfjörð í Mosvallahreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þ. 30. þ. m., staðfest uppdrátt af legu Vestfjarðavegar um Önundarfjörð í Mosvallahreppi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Mosvallahrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 31. júlí 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

AUGLÝSING

um umferð í Grindavík.

Að fenginni tillögu bæjarstjórnar Grindavíkur og samkv. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, er hér með ákveðið að taka upp einstefnuakstur um Skólabraut í Grindavík til vesturs.

Lögreglustjórnin í Grindavík, 14. maí 1979.

Jón Eysteinnsson.